

**Kjarasamningur
milli
Rafiðnaðarsambands Íslands og
Samtaka atvinnulífsins vegna Norðurorku hf.**

Kjarasamningur Rafiðnaðarsambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna Norðurorku hf. framlengist með svofelldum breytingum:

1. gr.

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun o g taunataxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf.

2. gr.

Orlofsuuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2014 hækkar um 2,8% auk sérstakrar hækkunar kr. 15.000. Desemberuppbót á árinu 2014 hækkar um 2,8% auk sérstakrar hækkunar að fjárhæð kr. 15.000. Aðlaga þarf þessar breytingar að núverandi skilgreinigum á uppbótum í kjarasamningi aðila. Famlags til endurmenntunarsjóðs verður 1,1% frá 1. ágúst 2014 að telja.

3. gr.

Um undirbúning og aðgerðir vegna endurnýjunar kjarasamnings þessa fer eftir ákvæðum „aðfararsamnings“ í kjarasamningi SA og aðildarfélaga ASÍ frá 21. desember 2013.

4. gr.

Samningur þessi gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Akureyri, 4. júlí 2014

f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

*Kristján Þorsteinn Guðmundsson
Vigdís Hálldasóley*

f.h. Samtaka atvinnulífsins
vegna Norðurorku hf.

Baldur Ólafsson

Bókun

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi:

- a) Gildistími samningsins er frá 1. febrúar s.l.
- b) Launaflokkaröðun starfsmanna sem fá laun greidd eftir kjarasamningi RSÍ og Norðurorku verður endurskoðuð frá og með 1. janúar með hliðsjón af endurmati starfa og samanburði við samanburðarhópa.
- c) Til einföldunar á launaútreikningum og afturvirkum leiðréttindum er samkomulag um að launabreytingar frá 1. janúar og fram til 30. júní verði gerðar í formi eingreiðslu.

PJD

Khy